



Reykjavík, 10. september 2024
MSS24020131

Forsætisnefnd

Efni: Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Laugardals, Bústaða og Háaleitis um að lengja opnunartíma í félagsmiðstöðvum og aukið samráð við ungmenni

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 26. ágúst 2024 var lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 8. apríl 2024, þar sem svohljóðandi tillögu fulltrúa í ungmennaráði Laugardals, Bústaða og Háaleitis, sbr. 6. lið fundargerðar borgarstjórnar dags. 27. febrúar 2024, er vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs, ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 30. júlí 2024:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að lengja kvöldopnunartíma í félagsmiðstöðvum frá 1. janúar 2025 og að viðhafa samráð við ungmennaráð framvegis þegar kemur að breytingum sem varða frístundastarf unglinga.

Greinargerð fylgdi.

Tillagan er felld með fjórum atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Framsóknarflokksins og Pírata gegn þremur atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og Sósíalístaflokks Íslands.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Framsóknarflokksins og Pírata lögðu fram svohljóðandi bókun:

Meirihluti skóla- og frístundaráðs er sammála um mikilvægi öflugs félagsmiðstöðvastarfs og var þessi ákvörðun tekin á fjárhagslegum forsendum sem hluti af 90 hagræðingartillögum sem samþykktar voru í borgarstjórn. Vegna þessa er ekki hægt, að svo stöddu, að koma til móts við þessa tillögu. Að því sögðu er rétt að brýna að afar mikilvægt er að leggja áherslu á samráð um framtíð þessarar þjónustu við ungmennaráð og félagsmiðstöðvar í Reykjavík. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokks styðja þessa tillögu en á fundi skóla- og frístundaráðs hinn 29. ágúst 2023 kom fram í bókun fulltrúanna að sparnaðurinn af styttingu opnunartíma félagsmiðstöðva „væri rýr og næg tækifæri annars staðar í borgarkerfinu til að spara álíka fjárhæð.“

Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands lagði fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Sósíalista telur það þyngra en tárur taki að ráðið hafni þremur tillögum ungmennaráðs sem allar vísuðu til brýnnar þarfar sem þarf að mæta en stranda á fjármagni þegar það er sannarlega þörf til staðar og vilji til að mæta þeirri þörf.



Það hefði virkilega stuðlað að valdeflingu og reisu bæði kjörinna fulltrúa og ungmennaráðs að taka betur utanum þessi mál og setja þau í forgang.

Virðingarfyllt

Helgi Grímsson

Helgi Grímsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs